



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsóknir í þróunar- og nýsköpunarsjóðinn B hluta - Látum draumana rætast skólaárið 2021 - 2022

Samtals bárust 19 umsóknir fyrir um 145 milljónir en til úthlutunar eru 50 milljónir. Sótt var um styrki vegna sex samstarfsverkefna grunnskóla, tveggja samstarfsverkefna leikskóla, þriggja samstarfsverkefna frístundastarfs og átta þverfaglegra samstarfsverkefna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.

Úthlutunarnefndir hafa hist, metið umsóknir út frá reglum sjóðsins og leggja fram meðfylgjandi tillögu að styrkjum úr þróunar- og nýsköpunarsjóðnum *Látum draumana rætast*:

Tvö verkefni sem eru samstarfsverkefni leikskóla fái samtals kr. 8,0 millj.

Fjögur verkefni sem eru samstarfsverkefni grunnskóla fái kr. 16,0 millj.

Tvö verkefni sem eru samstarfsverkefni frístundastarfs fái kr. 9,0 millj.

Fjögur samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs fái styrki að upphæð kr. 17,0 millj.

Samtals 12 verkefni að upphæð kr. 50 millj.

Mælt er með að eftirfarandi verkefni hljóti styrki:

Verkefnið *Það þarf þorp; samstarfsverkefni um félagsfærni og sjálfsefningu* sem er samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Bakkahverfinu í Breiðholti fái styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 5,5 millj. skólaárið 2019 – 2020 og fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 10. maí sl.

Verkefnið *Flæði og samsetning* sem er samstarfsverkefni leikskólanna Engjaborgar, Hólaborgar, Funaborgar og Sunnufoldar og HÍ um sjálfsefningu og félagsfærni fái styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Þetta verkefni hefur ekki fengið styrk áður.

Leikskólarnir Árborg, Rofaborg, Blásalir, Heiðarborg, Rauðaborg og Rauðhóll í samstarfi við Íþróttafélagið Fylki og HÍ fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. vegna verkefnisins *Heilsuefning leikskólabarna í Árbæjarhverfi*. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Verkefnið *Vertu velkomin/n í hverfið okkar – Viltu tala íslensku við mig?* fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið er samstarfsverkefni allra grunnskólanna í Grafarvogi og Kjalarnesi og unnið í samstarfi við HÍ og Íslenskuþorpið. Þetta verkefni fékk styrk að upphæð kr. 6,5 millj. skólaárið 2020 – 2021.

Lagt er til að Fab lab verkefnið *Skapandi námssamfélag í Breiðholti* sem er samstarfsverkefni Fab Lab Reykjavík, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla, Háskóla Íslands, Fjölbrautarskólans í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, RG Menntaráðgjafar og Vísindasmiðju HÍ fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 6,5 millj. skólaárið 2019 – 2020 og 6 millj. skólaárið 2020 - 2021.

Verkefnið *Austur-Vestur*, sem eru sköpunar og tæknismiðjur í grunnskólastarfi, og er samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla, Selásskóla og Háskóla Íslands fá styrk að upphæð kr. 4 millj. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 5,7 millj. skólaárið 2019 – 2020 og 5 millj. á yfirstandandi skólaári. Verkefnið fékk viðurkenningu sem samstarfsverkefni hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs 10. maí sl.

Verkefnið *Kyn- og ofbeldisfræðsla í félagsmiðstöðvum, Fræði og fagstarf* sem er samstarfsverkefni félagsmiðstöðva í Kringlumýri, Réttarholtsskóla, Jafnréttisskólans og RannTóm fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Verkefnið *Hinsegyn - Hinseginvænn Grafarvogur og Kjalarnes* fá styrk að upphæð kr. 5,0 millj. en verkefnið er samstarfsverkefni allra grunnskóla og félagsmiðstöðva í Grafarvogi og Kjalarnesi auk frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar og HÍ. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Hlíðaskóli, Dalskóli, Hamraskóli, Borgaskóli, Engjaskóli og Víkurskóli fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. vegna verkefnisins *Áframhald innleiðingu leiðsagnarnáms í þekkingarskólum* í samstarfi við Menntafléttu HÍ o.fl. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Leikskólarnir Laugasól og Blásalir, Austurbæjarskóli og Miðja máls og læsis í samstarfi við Menntamálastofnun og námsbraut í talmeinafræði við HÍ fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. vegna verkefnisins *Fyrstu 1000 orðin*. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Verkefnið *Öll sem eitt* sem er samstarfsverkefni allra frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva, Samtakanna 78, fagskrifstofu frístundamála, Þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar fá styrk að upphæð kr. 4,0 millj. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.

Frístundamiðstöðin Tjörnin í samstarfi við Stígamót, Jafnréttisskóla Reykjavíkur, Menntavísindasvið HÍ/RannKyn fá styrk að upphæð kr. 5,0 millj. vegna verkefnisins *Tökum samtakið! Klám er ekki kynfræðsla*. Verkefnið hefur ekki fengið styrk áður.